

Óveðursáætlun

Táknafjarðarskóli



Birt á heimasíðu í ágúst 2020

Næsta endurskoðun í júní 2022

Óveðursáætlun Tálknafjarðarskóla

Almennt viðmið til að styðjast við um niðurfellingu skólahalds eru viðvaranir frá Veðurstofu Íslands. Þegar gular viðvaranir eru í gildi eru stjórnendur á varðbergi og með varann á sér varðandi skólahald en að öllu jöfnu ætti það að geta farið fram óbreytt. Þegar appelsínugular og rauðar viðvaranir frá Veðurstofu Íslands eru í gildi má búast við röskun eða niðurfellingu á skólastarfi. Staðan er metin hverju sinni og þá haft sértakt samráð við sveitarstjóra og almannavarnir.

Ábyrgð foreldra/forráðamanna barna í skólum og lengdri viðveru

Skólastarf og lengd viðvera fellur ekki niður nema annað sé tilkynnt. Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verid mjög mismunandi eftir svæðum.

Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sæki skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll.

Hið sama gildir ef foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa. Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. vegna vanbúinnar bifreiðar til vetraraksturs.

Tilkynningar

Tilkynningar eru settar fram í samvinnu við Veðurstofu Íslands og er þá viðvörðunarkerfi hennar haft til hliðsjónar. Hafi Veðurstofan gefið út gula, appelsínugula eða rauða viðvörðun þá eru tilkynningar virkjaðar.

Kappkostað er að senda tímanlega út tilkynningu um röskun á skólastarfi. Áriðandi er að foreldrar fylgist með tilkynningum á vefsíðu eða facebook síðu skólans og fari að tilmælum. Foreldrar skulu ævinlega leita eftir staðfestum tilkynningum yfirvalda.

Óveðursáætlun Tálknafjarðarskóla

Þrjú viðbúnaðarstig:

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi er fylgst gaumgæfilega með og gefnar út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf. Um er að ræða þrjú viðbúnaðarstig vegna óveðurs:

VIÐBÚNAÐARSTIG 1 – Gul viðvörðun

Gul viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið.

Veðrið getur haft nokkur eða staðbundin áhrif og valdið töfum, slysum eða tjóni ef aðgát er ekki höfð. Slík veður eru ekki óalgeng en krefjast árvekni við skipulagningu atburða og ferðir milli landshluta.

Skólastjóri metur aðstæður, að öllum líkindum engin röskun á skólastarfi.

Hvernig eiga forsjáraðilar að bregðast við?

Forsjáraðilar þurfa að meta sjálfir hvort fylgja þurfi börnum í eða úr skóla eða frístundastarfi. Ef hálsa eða ofankoma fylgir veðrinu aukast líkur á að þörf sé fyrir fylgd.

Að morgni dags:

Forsjáraðilar þurfa að morgni að tryggja að starfsmaður sé í skólanum til að taka á móti börnunum þar sem einhver röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs. Tafist getur að fullmanna skólann og mega forsjáraðilar þá búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáraðilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Í lok skóladags:

Mikilvægt er að forsjáraðilar hafi í huga að röskun getur einnig orðið á frístundastarfi og skipulögðum æfingum í lok skóladags og séu tilbúnir að sækja börn í skóla og frístundastarf ef þess gerist þörf.

Óveðursáætlun Tálknafjarðarskóla

VIÐBÚNAÐARSTIG 2 – Appelsínugul viðvörðun

Appelsínugul viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið.

Miðlungs eða miklar líkur eru á veðri sem valdið getur miklum samfélagslegum áhrifum. Veðrið getur valdið tjóni og slysum og ógnar mögulega lífi og limum ef aðgát er ekki höfð.

Skólastjóri metur aðstæður, skólahald gæti fallið niður.

Hvernig eiga forsjáraðilar að bregðast við?

Aðgerðir forsjáraðila eru þær sömu og við gula viðvörðun nema meiri líkur eru á þörf fyrir fylgd og að starfsfólk leiti liðsinnis forsjáraðila í upphafi skóladags vegna manneklu. Rétt er að hafa í huga að oft getur verið hvasst í efri byggðum. Ef hálka eða ofankoma fylgir veðrinu aukast líkur á að þörf sé fyrir fylgd.

Að morgni dags:

Forsjáraðilar þurfa að morgni að tryggja að starfsmaður sé í skólanum til að taka á mótí börnunum þar sem einhver röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs. Tafist getur að fullmanna skólann og mega forsjáraðilar þá búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Forsjáraðilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Í lok skóladags:

Mikilvægt er að forsjáraðilar hafi í huga að röskun getur einnig orðið á frístundastarfi og skipulögðum æfingum í lok skóladags og séu tilbúnir að sækja börn í skóla og frístundastarf ef þess gerist þörf.

VIÐBÚNAÐARSTIG 3 – Rauð viðvörðun

Rauð viðvörðun í gildi frá Veðurstofu Íslands fyrir skólasvæðið.

Skólastjóri metur aðstæður, skólahald fellt niður.

Ef skóla er aflýst:

- Senda tilkynningu á starfsfólk eins fljótt og unnt er
- Koma upplýsingum á heimasíðu og facebook síðu skólans sem fyrst
- Senda tilkynningu í tölvupósti til starfsmanna og foreldra